



Alþingi  
Erindi nr. þ 120/2083  
komudagur 21/5 1996

22. maí 1996

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Þórshamri  
Reykjavík

Guðjón Rúnarsson, nefndarritari

Með vísan til bréfs nefndarinnar til bankans dags. 14. maí sl. sendast hér með svör við fyrirspurnum sem beint var til bankans vegna umfjöllunar nefndarinnar um frumvörp um fjármagnstekjuskatta.

Virðingarfyllt

SEÐLABANKI ÍSLANDS

*Róbertur Guðmundsson, þingmaður*

22. maí 1996

## Svör við spurningum frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis vegna frumvarpa um fjármagnstekjuskatt

---

### 1. Spurningar

Nauðsynlegt er að svara spurningum 1.1 og 1.2 saman, þar sem áhrifin á vexti og sparnað eru tvær hliðar á sama peningnum. Skattbyrðin mun skiptast í einhverjum hlutföllum á milli hækkunar vaxta og minni frjáls fjársparnaðar, þ.e. fjárfestingar í vaxtaberandi fjáreignum (innstæður og skuldabréf). Hver þau hlutföll eru verður ekki sagt fyrir um með neinni nákvæmni, þar sem reynslugögn og rannsóknir skortir. Það má hins vegar færa að því rök að áhrifin á fjársparnað verði meiri en áhrifin á vexti fyrir skatt. Í fyrsta lagi er skattlagt samkvæmt búsetureglu og fjármagnshreyfingar eru orðnar að mestu leyti frjálsar. Vextir fyrir skatt hafa því vaxandi tilhneigingu til að ákvarðast af vöxtum fyrir skatt í viðskiptalöndunum. Í öðru lagi sýna rannsóknir að vaxtanæmi fjárfestinga er meira en sparnaðar.

Áhrif skattlagningarinnar á vexti og fjársparnað munu fremur ráðast af jaðarskatthlutfalli en meðalskatthlutfallinu. Jaðarskatthlutfallið er hærra í formannafrumvarpinu en í stjórnarfrumvarpinu og því munu áhrifin á vexti og frjálsan fjársparnað verða eitthvað meiri af formannafrumvarpinu.

Í umsögn bankans um frumvörp um skattlagningu fjármagnstekna frá 30. apríl sl. er fjallað um áhrif skattlagningar vaxtatekna á mismunandi þætti sparnaðar. Í því sambandi ber að hafa í huga þau hugtök sem notuð eru. Sparnaður er í öllum tilfellum flæðistærð, þ.e. viðbót við eignir. Fjársparnaður einstaklinga, sem skiptist í frjálsan og kerfisbundinn sparnað (lífeyrissjóðir), er aðeins hluti af heildarsparnaði þeirra. Til viðbótar kemur sparnaður í rauneignum (íbúðir, aðrar fasteignir, eignarhlutir í fyrirtækjum o.s.frv.). Þá þarf að bæta við fjár- og raunsparnaði á vegum fyrirtækja til að fá sparnað einkageirans. Síðan bætist við sparnaður hins opinbera (tekjur að frátöldum rekstrar- gjöldum og tilfærslum), og þá fæst þjóðhagslegur sparnaður.

Miðað við ofangreinda flokkun og með tilvísun til fyrri umsagnar bankans má draga áhrifin á sparnað og vexti saman með eftirfarandi hætti:

- Vextir fyrir skatt munu hækka eitthvað en þó líklega ekki mikið. Áhrifin verða meiri af formannafrumvarpinu.
- Frjáls fjársparnaður einstaklinga mun minnka og meira samkvæmt formannafrumvarpi.
- Eignamyndun lífeyrissjóða gæti orðið eitthvað hraðari eftir því hvort og í hvaða mæli vextir fyrir skatt hækka.
- Fjársparnaður í heild minnkar líklega þar sem áhrifin á frjálsa fjársparnaðinn verða meiri en á kerfisbundinn fjársparnað.
- Samsetning sparnaðar á milli fjársparnaðar og raunsparnaðar mun breytast raunsparnaði í hag. Þessi áhrif gætu orðið sterkari skv. stjórnarfrumvarpinu, þar sem þar er gert ráð fyrir lækkun jaðarskatts á arð, en engin breyting er á skattlagningu arðs í formannafrumvarpinu.
- Sparnaður heimila án lífeyrissjóða (þ.e. bæði fjársparnaður og raunsparnaður) minnkar mjög líklega eitthvað samkvæmt formannafrumvarpi en áhrifin eru óljós skv. stjórnarfrumvarpi.
- Sparnaður hins opinbera eykst í báðum tilfellum sem nemur skatttekjum, ef gert er ráð fyrir óbreyttum útgjöldum.
- Samantekin áhrif á þjóðhagslegan sparnað eru því óljós, sérstaklega ef gert er ráð fyrir að skatttekjur fari að fullu til að lækka halla ríkissjóðs. Ekki er þó víst að það sé raunhæf forsenda.

Ekki eru forsendur til að spá hver stærð ofangreindra áhrifa er. Rannsóknir á peningaeftirspurn benda hins vegar til að áhrifin á peningamagn og sparifé (M3) verði frekar lítil. Peningaeftirspurn ræðst af vöxtum á innstæðum með jákvæðum hætti en vöxtum á skuldabréfum með neikvæðum hætti. Þar sem þeir síðarnefndu eru hærri leiðir skatturinn til meiri peningaeftirspurnar en samsvarandi minni eftirspurnar eftir skuldabréfum. Miðað við að öll áhrif skattsins komi fram í vöxtum eftir skatt (vextir fyrir skatt séu óbreyttir) mun peningamagn og sparifé verða til lengdar 0,2% herra en ella miðað við stjórnarfrumvarp og 0,5% samkvæmt formannafrumvarpi. Áhrifin á árlegan vöxt verða mest 0,08% samkvæmt formannafrumvarpi en 0,04% samkvæmt stjórnarfrumvarpi. Þessi áhrif eru í raun mjög lítil, en geta má þess að árlegt staðalfrávik í metinni peningaeftirspurnarjöfnu er 2,8%. Fjársparnaður heimila sem ekki er hluti af peningamagni er örugglega vaxtanæmari en peningamagnið, en þetta gefur þó vísbendingu. Þess má geta að peningamagn og sparifé nam 174 ma.kr. í árslok 1995, en þar af er talið að heimilin hafi átt um 65%, eða 113 ma.kr. Aðrar frjálsar fjáreignir heimilanna eru lauslega áætlaðar 88 ma.kr.

Fjallað var ítarlega um hugsanleg áhrif skattlagningar vaxtatekna á fjármagnshreyfingar í umsögn bankans frá 30. apríl sl. Þar sem skattlagningin byggist á búsetureglu er ekki hægt að koma sér undan henni með löglegum hætti í gegnum fjármagnsflotta. Hann mun því tengjast skattsvikum. Seðlabankinn hefur engar forsendur til að meta hver tilhneiging Íslendinga er til að svíkja undan skatti. Hún mun þó auðvitað

verða einhver gagnvart þessum skatti eins og öðrum. Þar sem hin fyrirhugaða skattlagning er enn fremur í báðum tilfellum hófleg miðað við það sem gerist í mörgum nágrannalöndunum er ekki hægt að sjá að hún mun stuðla að umtalsverðum fjárflotta. Að svo miklu leyti sem hann mun eiga sér stað er líklegt að hann verði fyrst og fremst til landa sem ekki leggja staðgreiðsluskatta á vaxtatekjur erlendra aðila eða eru óviljug að veita skattayfirvöldum annarra landa upplýsingar um innstæður, skuldabréfaeign og vaxtatekjur. Í þessu sambandi mætti nefna lönd eins og Lúxemborg og Sviss. Afleiðing fjárflotta er hærri vextir en ella. Fjármagnsflutningar sem hafa það að markmiði að komast undan sköttum eru alþjóðlegt vandamál sem þarf að glíma við í alþjóðlegu samstarfi, eins og bent er á í umsögn bankans.

## 2. Upplýsingar

Tölulegar upplýsingar eru frá 31/12 1995:

2.1.	Heildarskuldir lánakerfisins	586,2 ma.kr. (áætlað)
	2.1.1. Heimili án lífeyrissjóða	201 ma.kr. (lauslega áætlað)
	2.1.2. Lífeyrissjóðir	256,5 ma.kr. (áætlað)
	2.1.3. Aðrar kuldir	128,7 ma.kr. (afgangstala)

2.2. Til að svara þessari spurningu þarf upplýsingar um fjölda sparenda í landinu og tekjur þeirra. Þær hefur bankinn ekki og ekki er hægt að afla þeirra með stuttum fyrirvara. Skattlagning vaxtatekna mun skv. stjórnarfrumvarpi ná til allra sparenda sem hafa vaxtatekjur, en þeir gætu orðið eitthvað færri í tilfelli formannafrumvarps vegna nýtingar persónuafsláttar og sérstakra frítekjumarka. Með “heildarsparnaði” er væntanlega átt við fjáreignir hér. Fjáreignir heimilanna án lífeyrissjóða voru áætlaðar í árslok 1995 201 ma.kr. Innlendar kuldir lánakerfisins í heild námu hins vegar 586 ma.kr. Fyrirhuguð skattlagning nær því til rétt rúmlega þriðjungs fjáreigna skv. stjórnarfrumvarpi, en eitthvað lægri hluta skv. formannafrumvarpi vegna nýtingar persónuafsláttar og frítekjumarka.

2.3	Bankainnstæður heimila	113 ma.kr. (áætlað)
	Verðbréf heimila	55 ma.kr. (lauslega áætlað)

2.4. Upplýsingar liggja ekki fyrir um hve stór hluti verðbréfaeignar heimilanna er í svo kölluðum kúlubréfum, en þess má geta að húsbref og meginhluti spariskírteina ríkissjóðs eru kúlubréf. Húsbref og spariskírteini mynda til samans yfir 70% innlendra markaðsskuldabréfa.

## Þjóðhagslegur sparnaður og geiraskipting hans


milljarðar nýkróna

% af vergri landsframleiðlu

	Vergur þjóðhags-legur sparnaður	Vergur sparnaður hins opinbera	Vergur sparnaður einka geirans:	Vergur sparnaður	Þ.a. opinberi geirinn	Þ.a. einka- geirinn
1980	3.883	1.264	2.619	24,0	7,8	16,2
1981	5.444	2.022	3.422	21,5	8,0	13,5
1982	7.529	3.163	4.366	19,0	8,0	11,0
1983	12.506	3.720	8.786	18,3	5,5	12,9
1984	14.547	7.322	7.224	16,3	8,2	8,1
1985	17.705	6.463	11.241	14,6	5,3	9,3
1986	27.943	8.360	19.583	17,3	5,2	12,2
1987	31.773	10.257	21.516	15,2	4,9	10,3
1988	38.528	12.038	26.490	15,0	4,7	10,3
1989	46.433	11.692	34.741	15,1	3,8	11,3
1990	57.806	11.735	46.070	15,9	3,2	12,7
1991	56.879	16.290	40.589	14,3	4,1	10,2
1992	57.109	14.321	42.788	14,4	3,6	10,8
1993	64.948	6.661	58.287	15,8	1,6	14,2
1994	74.853	6.728	68.125	17,2	1,5	15,7
1995 2)	75.916	6.357	69.559	16,6	1,4	15,2
1996 3)	81.780	8.715	73.065	16,8	1,8	15,0

1) Hið opinbera alls, ríki og sveitarfélög 2)Bráðabirgðatölur 3) Spá

**Þróun peningamagns og sparifjár (M3) miðað við mismunandi  
vaxtaskatt**  
**Frávik frá grunndæmi (engum skatti)**



Árlegur vöxtur peningamagns og sparifjár (M3) miðað við  
mismunandi vaxtaskatt  
Frávik frá grunndæmi (engum skatti)

